



1. FUNDUR Á VORÖNN 2020, MIÐVIKUDAGINN 4. MARS KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Umsóknir um mat á íþróttum

Tólf nemendur sækja um mat á íþróttum - vísað til kennslustjóra í íþróttum.

C. Önnur bréf:

Einn nemandi sækir um undanþágu frá dönsku til stúdentsprófs. - Vísað til skólameistara

Einn nemandi sækir um undanþágu frá íslensku til stúdentsprófs. - Vísað til skólameistara

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Verið er að vinna úr og gera upp kostnað vegna árshátíðarinnar. Í framhaldinu verður svo skoðað hvaða viðburðir verða næst á dagskrá nemendafélagsins. Ýmsar hugmyndir í gangi. Einnig er hafin undirbúningur að kosningum í stjórn NFFG fyrir næsta skólaár.

3. Önnur mál

Rætt var um mikilvægi þess að halda ró sinni í umræðunni um covid-19 veiruna. Skólinn mun fara að fyrirmælum sóttvarnalæknis og landlæknisembættisins.

Fundinn sátu:

Anna Sóley Stefánsdóttir markaðsstjóri NFFG

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Eygló Birna Schiöth Gunnarsdóttir fjármálastjóri NFFG

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Irena Ásdís Óskarsdóttir forvarnafulltrúi

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnadóttir félagsmálafulltrúi

Ylfa Ösp Áskelsdóttir fulltrúi kennara